

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

og

**KENNARASAMBANDS ÍSLANDS
VEGNA
FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA**

GILDISTÍMI:

1. maí 2014 til 31. desember 2016

EFNISYFIRLIT

1	FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGS OG LAUNAHÆKKANIR.....	3
2	SÉRSTAKAR EINGREIÐSLUR Á SAMNINGSTÍMA.....	3
3	ANNARUPPBÓT.....	3
4	VINNUTÍMAKAFLI OG VINNUMAT GRUNNSKÓLAKENNARA	4
5	NÝTT VINNUMAT KENNARA	6
6	VERKEFNISSTJÓRN	7
7	BREYTINGAR Á GREINUM KJARASAMNINGS VIÐ GILDISTÖKU VINNUTÍMAKAFLA	9
8	GILDISTÍMI OG SAMNINSFORSENDUR	20
9	BÓKANIR	21
10	FYLGISKJAL A: LAUNATÖFLUR A-1 TIL A-4	22
11	FYLGISKJAL B: LAUNATÖFLUR B-1 TIL B-4.....	26

Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands vegna Félags grunnskólakennara gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila

INNGANGUR

Þessum kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga er ætlað að styrkja faglegt starf innan grunnskóla svo markmið nýrra grunnskólalaga og áherslur nýrrar aðalnámsskrár nái fram að ganga. Ennfremur er leitast við að móta nýja og bætta umgjörð um kennarastarfið og bæta launakjör kennara til framtíðar.

Með samningnum er leitast við að aðlaga vinnutímaákvæði kjarasamnings að breyttum áherslum í skólastarfi og færa útfærslur faglegs starfs skóla og kennara frá samningsaðilum til fagfólks í skólamálu. Tekin verður upp nýr vinnutímakafla og gerður leiðarvísir um vinnumat. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara leiða vinnuna í samstarfi við Skólastjórafélag Íslands. Með þessu er vonast til að ná því fram að hagur bæði skóla og kennara batni og skólabróun verði auðveldari til að mæta margvíslegum þörfum skóla, kennara og nemenda. Samningsaðilar telja að með samningnum aukist möguleikar skóla til að haga starfi sínu með breytilegum og sveigjanlegum hætti.

1 FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGS OG LAUNAHÆKKANIR

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2014 til 31. desember 2016 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast.

1. maí 2014:	2,8%	Almenn launahækkun.
1. maí 2014:	4,5%	Vegna þeirra breytinga er í samningi þessum felast.
1. ágúst 2014:		Breytt launatafla fyrir þá kennara sem afsala sér kennsluafslætti.
1. janúar 2015:	2,0%	Almenn launahækkun.
1. febrúar 2015		Atkvæðagreiðsla um nýjan vinnutímakafla og vinnumat.
1. maí 2015:	9,5%	Við gildistöku vinnumats og nýs vinnutímakafla.
1. ágúst 2015.		Nýtt starfsheiti, umsjónarkennari, raðast í l.fl. 235.
1. janúar 2016:	2,0%	Almenn launahækkun.

2 SÉRSTAKAR EINGREIÐSLUR Á SAMNINGSTÍMA

Grein 1.1.4 um sérstakar eingreiðslur á samningstíma fellur niður.

3 ANNARUPPBÓT

Grein: 1.7 um annaruppbót hljóði svo:

Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til

31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma. Við útreikning annaruppbótar er miðað við að haustönn sé 4,25 mánuðir og vorönn 5,25 mánuðir.

Annaruppbót 1. júní 2014	kr. 73.500,-
Annaruppbót 1. desember 2014	kr. 73.500,-
Annaruppbót 1. júní 2015	kr. 75.500,-
Annaruppbót 1. desember 2015	kr. 75.500,-
Annaruppbót 1. júní 2016	kr. 76.500,-
Annaruppbót 1. desember 2016	kr. 76.500,-

4 VINNUTÍMAKAFLI OG VINNUMAT GRUNNSKÓLAKENNARA

Aðilar eru sammála um að taka upp breyttan vinnutímakafli, þ.e. nýja vinnutímaskilgreiningu og nýtt vinnumat fyrir grunnskólakennara frá 1. ágúst 2015. Vinnumatið mun byggja á leiðarvísi samningsaðila og verður breytingin lögð undir atkvæði aðila fyrir 15. febrúar 2015. Verkefnum og vinnutíma kennara verður þá skipt í þrjá þætti A, B og C.

A þáttur: Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem eru forgangsverkefni í starfi kennara.

B þáttur: Önnur verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C þætti.

C þáttur: Sérverkefni/viðbótarverkefni sem skólastjóri felur kennara í samkomulagi við hann.

Skólastjóri getur í samráði við kennara aukið eða minnkað vægi A, B eða C þáttar enda breytist vægi annarra þátta samsvarandi.

Umfang þátta A, B og C í vinnutímaskilgreiningu kennara

Ný vinnutímaskilgreining er áætlun um hvernig vinnutími kennarans skiptist milli þeirra verkefna sem hann sinnir undir verkstjórn skólastjóra. Grundvöllur að vinnumati kennara er almenn vinnuskylda sem reiknast 1.800 klst. á ári að frádregnu orlofi og helgidögum. Hún dreifist hins vegar með öðrum hætti innan ársins en almennt gerist og er deilt upp í sérgreinda verkþætti. Ef vinnuframlag er umfram vinnuskyldu skal greiða það með yfirvinnu- eða viðbótargreiðslu.

Þáttur A byggir á vinnumati vegna kennslu, undirbúnings og úrvinnslu kennslu sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og er 1.036 klst. á ári fyrir kennara í 100% starfshlutfalli. Sjá töflu 1. Kennsluviðmið er 26 kest. (17,33 klst.) á viku en tekur mið af vinnumati og getur mest orðið 28 kest. (18,66 klst.) en minnst 24 kest. (16 klst.) fyrir fullt starf án kennsluafsláttar. Miða skal við að meðalfjöldi vikulegra kennslustunda á hvern kennarahóp sé að jafnaði 26 kest. áður en tekið er tillit til kennsluafsláttar. Sveigjanleikanum er ætlað að styðja við áherslur í skólastarfi á hverjum stað.

Þáttur B byggir á vinnumati annarra verkefna sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C þátt. Stærð B þáttar er 764 klst. á ári. Sjá nánar í töflu 1.

Þáttur C byggir á vinnumati sérverkefna/viðbótarverkefna sem skólastjóri felur kennara í samkomulagi við hann. Sá tími sem ætlaður er í þennan þátt dregur samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A eða B í vinnuskyldu viðkomandi kennara.

Tafla 1: Árleg vinnuskylda				
	26 kest. á viku í 37 vikur	28 kest. á viku í 37 vikur	24 kest. á viku í 37 vikur	19 kest. á viku í 37 vikur
A þáttur	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári
Kennsla	641 klst	691 klst	592 klst	469 klst
Undirbúningur og úrvinnsla kennslu	395 klst	425 klst	370 klst	308 klst
Samtals:	1036 klst.	1116 klst.	962 klst.	777 klst.
B þáttur	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári
Önnur almenn störf og kaffitími	614 klst	534 klst	688 klst	873 klst
Starfsþróun og undirbúningur ¹	150 klst	150 klst	150 klst	150 klst
Samtals:	764 klst.	684 klst.	838 klst.	1023 klst.
C þáttur	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári
Sérverkefni / viðbótarverkefni				
Samtals:				
Samtals A+B+C	1800 klst.	1800 klst.	1800 klst.	1800 klst.

¹ Kennarar eldri en 30 ára ná þó í meðalári aðeins 126 klst. og þeir sem eru 38 ára og eldri ná aðeins 102 klst. í meðalári.

Skipting verkefna milli A, B og C þátta:

A þáttur: Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem eru forgangsverkefni í starfi kennara. Þessi upptalning er ekki tæmandi.

B þáttur: Önnur verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C þátt. Stærð B þáttar er að jafnaði 764 klst. á ári. Sjá nánar töflu 1.

Önnur verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C þátt, t.d. fundir innan skólans eða utan, viðtalstímar, almenn upplýsingaskráning, upplýsingagjöf og faglegt samstarf kennara. Einnig starfsþróun og aukinn undirbúningur, skólaþróun og námskrárvinna, þátttaka í innra mati, ytra mati og rannsóknum. Umsjón og eftirlit með kennslurými, tækjum og áhöldum. Afleysingar vegna skammtímaforfalla, gæsla, aðstoð við kennslu og nemendasamtöl. Jafnframt vinna með nemendum, t.d. á bókasafni, á þemadögum, í nemendaferðum og á sérstökum uppbrotsdögum. Kaffitímar/frímínútur teljast til B þátta.

C þáttur: Sérverkefni/viðbótarverkefni sem skólastjóri felur kennara í samkomulagi við hann. Sá tími sem ætlaður er í þennan þátt dregur samsvarandi úr vægi A eða B þátta í vinnuskyldu viðkomandi kennara. Hér er t.d. um að ræða verkefnisstjórn, fagstjórn, félagsstarf, innkaup, námsefnisgerð, umfangsmeiri námskrárvinnu og skólaþróunarverkefni önnur en þau sem felast í B þætti.

5 NÝTT VINNUMAT KENNARA

Vinnumat er mat á þeim tíma sem kennari ver til skilgreindra verkefna. Vinnumat byggir á hlutlægum viðmiðum. Hér á eftir eru dæmi um atriði sem geta komið til skoðunar við þróun vinnumats.

Umfang starfs vegna:

- kennslu
- námsmats og yfirferðar verkefna
- undirbúnings kennslu
- umsjónar kennara með kennslusvæði, tækjum og áhöldum
- þverfaglegs samstarfs

Nemendasamsetning

- fjöldi nemenda í umsjónarhópi
- samsetning námshópa

Kennsluhættir

- nýbreytni og þróun kennsluaðferða
- þróun námsefnis

Skráningar og samskipti

- samstarf við foreldra
- skráning sem er umfram reglubundna upplýsingagjöf

Endurskoðun á vægi þátta innan skólaársins

Vægi A, B og C þátta skal vera sveigjanlegt eftir því sem skipulag skólstarfs kallar á hverju sinni.

6 VERKEFNISSTJÓRN

Samhliða undirritun kjarasamnings verður skipuð verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með gerð leiðarvísis um vinnumat kennara og styður við innleiðingu þess í grunnskólum. Hún er skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þremur af Félagi grunnskólakennara. Skólastjórafélag Íslands tilnefnir einn fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður vinnur með verkefnisstjórn.

Samband íslenskra sveitarfélaga annast umsýslu vegna verkefnisstjórnarinnar. Viðfangsefni verkefnisstjórnar eru sem hér segir:

- að skilgreina inntak og umfang einstakra hluta vinnumatsins.
- að vinna leiðarvísi með sýnidæmum um vinnumat á grundvelli hlutlægra viðmiða, og málefnalegra sjónarmiða, sbr. gr. 2.1.6.1.,
- að styðja við innleiðingu vinnumats kennara í grunnskólum,
- að veita álit og ráðgjöf í ágreiningsmálum.,
- að halda utan um og safna í gagnabanka þekkingu og lausnum sem verða til.

Samningsaðilar geta falið verkefnisstjórn frekari viðfangsefni í samræmi við erindisbréf.

Útfærsla verkefnisstjórnar á leiðarvísi um vinnumat skal liggja fyrir í síðasta lagi 1. nóvember 2014. Kynningar- og umsagnarferli vegna vinnumatsins skal standa fram í janúarmánuð 2015 og hafa þá skólastjórnendur, kennarar og sveitastjórnir kost á að kynna sér hana og koma með athugasemdir. Verkefnisstjórn skilar lokaútgáfu leiðarvísisins til afgreiðslu samningsaðila eigi síðar en 1. febrúar 2015.

Starfstími og umboð verkefnisstjórnar

Verkefnisstjórn starfar út gildistíma þessa kjarasamnings.

Túlkun kjarasamningsins og úrlausn ágreiningsefna um ákvæði hans eru sem fyrr á hendi samstarfsnefndar aðila og falla ekki undir verksvið verkefnisstjórnar.

Samráð um vinnumat í skólum

Vinnumat er unnið af skólastjóra í samráði við kennara og byggir á leiðarvísi verkefnisstjórnar um vinnumat.

Skólastjórar kynna trúnaðarmönnum Kennarasambands Íslands í hverjum grunnskóla lokaniðurstöðu.

Skólastjóri og trúnaðarmaður/menn kynna kennurum forsendur vinnumats í hverjum skóla.

Atkvæðagreiðsla um vinnumat og breytingar á kjarasamningi

Verkefnisstjórn skilar lokaútgáfu leiðarvísis um vinnumat til afgreiðslu samningsaðila eigi síðar en 15. febrúar 2015.

Leiðarvísi um vinnumat og breytingar á kjarasamningi skal leggja undir atkvæði samningsaðila fyrir 20. febrúar 2015.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu hvors aðila skal liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2015. Aðilar skulu tilkynna hver öðrum um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar fyrir kl. 12:00, 2. mars 2015.

Verði breytingarnar samþykktar gildir kjarasamningurinn þannig breyttur út samningstímann. Verði breytingarnar felldar í atkvæðagreiðslu fellur kjarasamningurinn úr gildi frá 1. mars 2015 án sérstakrar uppsagnar að undanskildum greinum 2.5.2 og 2.5.2.1, sbr. 7 gr. samnings þessa.

7 BREYTINGAR Á GREINUM KJARASAMNINGS VIÐ GILDISTÖKU VINNUTÍMAKAFLA

Samningsaðilar eru ásáttir um að aðlaga gildandi kjarasamning að nýju vinnumati. Áhersla er lögð á að einfalda ákvæði samningsins og stuðla þannig að sveigjanleika í starfsháttum, samstarfi og samábyrgð kennara og skólastjórnenda á skólastarfinu. Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi breytingar á kjarasamningi:

Breytingar í kafla 1 um laun:

Grein 1.1.1 um föst mánaðarlaun hljóði svo:

Föst mánaðarlaun starfsmanns, sem gegnir fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflum í fylgiskjölum A og B.

Launatöflur í fylgiskjali A gilda um þá kennara sem velja að afsala sér þeim réttindum sem felast í grein 2.5.2.1 og um þá sem ráðnir eru til starfa eftir 1. júní 2014.

Launatafla A-1, gildistími: 1. ágúst 2014 til 31. desember 2014

Launatafla A-2, gildistími: 1. janúar 2015 til 30. apríl 2015

Launatafla A-3, gildistími: 1. maí 2015 til 31. desember 2015

Launatafla A-4, gildistími: 1. janúar 2016 til 31. desember 2016

Launatöflur í fylgiskjali B gilda um þá kennara sem velja að halda þeim réttindum um lækkun hámarkskenndu sem felast í grein 2.5.2.1.

Launatafla B-1, gildistími: 1. maí 2014 til 31. desember 2014

Launatafla B-2, gildistími: 1. janúar 2015 til 30. apríl 2015

Launatafla B-3, gildistími: 1. maí 2015 til 31. desember 2015

Launatafla B-4, gildistími: 1. janúar 2016 til 31. desember 2016

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Föst laun skulu að öllu jöfnu greidd eftir á, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Þeir starfsmenn, sem við undirritun þessa samnings eru á fyrirfram greiddum launum, eiga rétt á að halda því fyrirkomulagi.

Grein 1.2.1 um röðun í launaprep

Þessi grein á aðeins við um launatöflur í fylgiskjali B.

Röðun í launaprep miðast við lífaldur. Innröðun í þrep miðast við aldur frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag.

1. þrep til og með 34 ára aldri
2. þrep frá 35 ára aldri
3. þrep frá 40 ára aldri

Grein 1.1.4 um sérstakar eingreiðslur á samningstíma fellur niður.

Grein 1.3.1 um röðun í launaflokka breytist með eftirfarandi hætti:

Starfsheitið umsjónarkennari 1 og umsjónarkennari 2 falla niður og til verður starfsheitið umsjónarkennari.

Umsjónarkennari: Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur umsjón með nemendum í bekk/námshópi. Hver nemandi skal hafa einn umsjónarkennara (sbr. lög nr. 91/2008 13 gr.).

Umsjónarkennari raðast í launaflokk 235 frá og með 1. ágúst 2015.

Grein 1.3.1.2 hljóði svo:

Kennarar við Brúarskóla, Klettaskóla og Hlíðarskóla á Akureyri.

Kennarar við Brúarskóla, Klettaskóla og Hlíðarskóla á Akureyri raðiat einum launaflokki ofar en fyrrgreind starfshéitaröðun segir til um.

Grein 1.3.1.3 um skólastjórnendur sem snúa aftur til kennslustarfa, skýringakassi fellur niður.

Grein 1.3.2 um viðbótarlaun vegna álags eða verkefna utan 9,14, fellur niður.

Grein 1.3.3 um viðbótarflokka vegna prófa og leyfisbréfa verður **grein 1.3.2** Viðbótarflokkar vegna framhaldsmenntunar.

Grein 1.3.4 um staðgengilslaun verður **grein 1.3.3**.

Grein 1.3.5 um kennarapróf jafngild til launa verður **grein 1.3.4**.

Grein 1.6 um álagsgreiðslur, vaktaálag bætist við ný undirgrein og hljóði svo:

Grein 1.6.3 Álag vegna fjarkennslu

Greiða skal 50% álag á hverja kennslustund í fjarkennslu.

Grein 1.7 um annaruppbót hljóði svo:

Annaruppbót

Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hvernar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma. Við útreikning annaruppbótar er miðað við að haustönn sé 4,25 mánuðir og vorönn 5,25 mánuðir.

Breytingar í kafla 2 um vinnutíma:

Grein 2.1 um vinnutíma kennara og hljóði svo:

Almennt um vinnutíma kennara

Grein 2.1.5.1 um skóladag nemenda og hljóði svo:

Skóladagar nemenda

Fjöldi skóladaga nemenda er lögbundinn. Skóladagar nemenda eru á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Grein 2.1.6 um vinnutíma kennara í grunnskóla, hljóði svo:

Vinnutími kennara í grunnskóla

Grein 2.1.6.1 um vinnuskyldu og hljóði svo:

Vinnuskylda kennara í fullu starfi er 1800 stundir á ári og vikuleg vinnuskylda kennara í fullu starfi skal vera 40 klst. á viku til jafnaðar yfir árið. Á 37 vikna starfstíma skóla er vikuleg vinnuskylda hans 42,86 klst. Dagvinna er unnin á tímabilinu kl. 08:00 -17:00 frá mánudegi til föstudags, sbr. þó gr. 2.1.2. Við upphaf skólaárs skal skólustjóri ákveða dagleg mörk viðverutíma í samráði við kennara. Skal hann vera samfelldur og liggja innan marka dagvinnutímabils eftir því sem við verður komið. Viðverutími annar en kennsla skal þó aldrei vera utan dagvinnumarka nema með samþykki kennara.

Vinnutími kennara, skólasafnakennara og náms- og starfsráðgjafa skal vera samfelldur og unninn undir stjórn skólustjóra. Skólustjóri og kennari geta gert með sér samkomulag um að kennari inni af hendi hluta sinnar vinnu utan vinnustaðar. Markmiðið með þessum sveigjanleika er að koma til móts við þarfir skóla og kennara, t.d. hvað varðar starfsþróun, sérhæfðan undirbúning kennslu og önnur þau störf sem aðilar eru sammála um að eðlilegt sé að vinna utan vinnustaðar. Mikilvægt er að skapa gott vinnuumhverfi þannig að eftirsóknarvert sé að starfa á vinnustað.

Undirbúningsdagar fyrir upphaf og eftir lok starfstíma skóla eru samtals 8, sbr. gr. 2.1.5.2.

Að auki eru 150 klst. til starfsþróunar og undirbúnings, sbr. gr. 10.2, þó þannig að orlofsréttur kennara hefur áhrif á þann tíma sem verja skal til starfsþróunar og undirbúnings. Kennarar eldri en 30 ára ná í meðalári 126 klst. en þeir sem eru 38 ára og eldri ná 102 klst. í meðalári.

Þó að grunnverkefni kennara séu þau sömu þá geta verkefni verið ólík milli einstaklinga og skóla. Það er gagnkvæmur skilningur samningsaðila að skólustjórnendum beri að taka tillit til þess við skipulag vinnutíma kennara og gerð vinnumats.

Vinnutíma kennara í fullu starfi er skipt í þrjá þætti A, B og C.

A þáttur: Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem hafa forgang í starfi kennara.

B þáttur: Önnur verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C þátt.

C þáttur: Sérverkefni/viðbótarverkefni sem skólustjóri felur kennara í samkomulagi við Skólustjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á samkvæmt töflu 1. Heimilt er með samráði skólustjóra og kennara að auka við eða minnka vægi A, B eða C þátta enda breytist vægi annarra þátta samsvarandi.

Skólustjóri getur, í samráði við kennara, ákveðið að haga vikulegum vinnutíma með öðrum hætti en taflan greinir. Þetta á t.d. við um kennslu í lotum þannig að kennsluframlag getur verið meira eða minna yfir ákveðið tilgreint tímabil þó þannig að meðalkennsluframlag yfir skólaárið helst óbreytt.

Tafla 1: Árleg vinnuskylda				
	26 kest. á viku í 37 vikur	28 kest. á viku í 37 vikur	24 kest. á viku í 37 vikur	19 kest. á viku í 37 vikur
A þáttur	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári
Kennsla	641 klst	691 klst	592 klst	469 klst
Undirbúningur og úrvinnsla kennslu	395 klst	425 klst	370 klst	308 klst
Samtals:	1036 klst.	1116 klst.	962 klst.	777 klst.
B þáttur	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári
Önnur almenn störf og kaffitími	614 klst	534 klst	688 klst	873 klst
Starfsþróun og undirbúningur ¹	150 klst	150 klst	150 klst	150 klst
Samtals:	764 klst.	684 klst.	838 klst.	1023 klst.
C þáttur	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári
Sérverkefni / viðbótarverkefni				
Samtals:				
Samtals A+B+C	1800 klst.	1800 klst.	1800 klst.	1800 klst.

¹ Kennarar eldri en 30 ára ná þó í meðalári aðeins 126 klst. og þeir sem eru 38 ára og eldri ná aðeins 102 klst. í meðalári.

Þáttur A: Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla

Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og er að jafnaði 1.036 klst. á ári fyrir kennara í 100% starfshlutfalli. Sjá töflu 1. Kennsluviðmið er að jafnaði 26 kest. (17,33 klst.) á viku en tekur mið af vinnumati og getur mest orðið 28 kest. (18,66 klst.) en minnst 24 kest. (16 klst.) fyrir fullt starf án kennsluafsláttar. Miða skal við að meðalfjöldi vikulegra kennslustunda á hvern kennarahóp sé að jafnaði 26 kest. áður en tekið er tillit til kennsluafsláttar. Sveigjanleikanum er ætlað að styðja við áherslur í skólastarfi á hverjum stað.

Þáttur B: Önnur verkefni:

Önnur verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C. Stærð B þáttar er að jafnaði 764 klst. á ári. Sjá töflu 1.

Í þessum hluta eru verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C, t.d. fundir innan skólans og utan, viðtalstímar, almenn upplýsingaskráning og upplýsingagjöf, faglegt samstarf kennara. Starfsþróun og aukinn undirbúningur, skólaþróun og námskrárvinnu, þátttaka í innra mati, ytra mati og rannsóknum. Umsjón og eftirlit með kennslurými, tækjum og áhöldum. Afleysingar vegna skammtímaforfalla, gæsla, aðstoð við kennslu og nemendasamtöl. Jafnframt vinna með nemendum t.d. á bókasafni, á þemadögum, í nemendaferðum og á sérstökum uppbrotsdögum. Kaffitímar/frímínútur teljast til B þáttar.

Þáttur C: Sérverkefni/viðbótarverkefni

Sérverkefni/viðbótarverkefni sem skólastjóri felur kennara í samkomulagi við hann. Sá tími sem ætlaður er í þennan þátt dregur samsvarandi úr vægi A eða B þátta í vinnuskyldu viðkomandi kennara. Hér er t.d. um að ræða verkefnisstjórn, fagstjórn, félagsstarf, innkaup, námsefnisgerð, umfangsmeiri námskrárvinnu og skólaþróunarverkefni önnur en þau sem felast í B þætti.

Grein 2.1.6.2 um vinnuskyldu kennara, fellur niður.

Grein 2.1.6.3 um starfshætti og sveigjanlegan vinnutíma, fellur niður.

Grein 2.1.6.4 um viðverutíma, ákvörðun um dagleg mörk, fellur niður.

Grein 2.1.6.5 um vinnuskyldu vegna undirbúningsdaga, námskeiða og í óhefðbundnu skólastarfi verður **grein 2.1.6.2** og hljóði svo:

Þá daga, sem varið er til ýmissa starfa í þágu skóla er allur vinnutími kennara til ráðstöfunar í því skyni. Hér er átt við alla undirbúningsdaga kennara, námskeiðsdaga á vegum vinnuveitanda, nemendaferðir og daga sem nýttir eru til óhefðbundins skólastarfs s.s. þemadaga, íþróttadaga og á sérstökum uppbrotsdögum .

Grein 2.1.6.6 um vinnuskyldu á undirbúningsdögum, fellur niður

Grein 2.1.6.7 um störf kennara á skólasafni verður **grein 2.1.6.3** og hljóði svo:

Starfi kennari á skólasafni gildir eftirfarandi um vinnutíma hans miðað við 37 vikna starfstíma skóla:

1. Störf á starfstíma skóla eru 42 klst. og 52 mín. á viku miðað við fullt starf eða 1.586 klst. á árlegum starfstíma skóla.
2. Fela má kennara á skólasafni kennslu skv. stundaskrá allt að 26 kest./viku með tilsvarende undirbúningstíma. Einnig og þá eftir atvikum til lækkunar á kennsluskyldu má fela skólasafnskennara umsjón með skólasafni og ráðgjöf við upplýsingaleit í bókum og rafrænum miðlum og miðlun til kennara, nemenda og annars starfsfólks skóla. Þá má fela skólasafnskennara stjórnun, val og innkaup á gögnum, áætlanagerð, skýrslugerð og aðra skipulagningar-, umsjónar- og undirbúningsvinnu, er fram fer utan þess tíma sem safnið er opið nemendum eða er í umsjá annars aðila.
3. Starfsþróun og undirbúningur utan starfstíma skóla eru 150 klst. sbr.gr. 2.1.6.1.

Athugasemd: Kennarar eldri en 30 ára ná þó í meðalári aðeins 126 klst og þeir sem eru 38 ára og eldri ná aðeins 102 klst í meðalári.

4. Störf fyrir upphaf kennslutímabils og eftir lok þess, svo sem frágangur, aðdrættir, undirbúningur, skipulagsstörf o.fl. undir stjórn skólastjóra í 64 klst., sbr. gr. 2.1.5.2.

Grein 2.1.6.8 um kennslu á sjúkrahúsum verður **grein 2.1.6.4**.

Grein 2.1.6.9 um vinnutímaskilgreiningu náms- og starfsráðgjafa verður **grein 2.1.6.5** og hljóði svo:

Árlegan vinnutíma við námsráðgjöf í grunnskólum innir náms- og starfsráðgjafi svo af hendi:

1. Viðverutímabil, 15. ágúst til 15. júní. Vikulegur vinnutími (viðvera skv. nánari ákvörðun skólastjóra) 40,67 klst. 39 vikur x 40,67 klst. = 1.586 klst.
2. Vinna á undirbúningsdögum utan starfstíma skóla 64 klst.
3. Undirbúningstími, starfsþróun og önnur ófyrirséð vinna utan dagvinnumarka, 1,79 klst. 39 vikur x 1,79 klst. = 70 klst.
4. Undirbúningsvinna og starfsþróun utan árlegs viðverutímabils. 80 klst. Árleg vinnuskylda 1.800 klst.

Grein 2.3.1 um skilgreiningu á yfirvinnu, hljóði svo:

Yfirvinna, skilgreining

Yfirvinna telst sú vinna sem unnin er umfram daglega vinnuskyldu, sbr. gr. 2.1.6.1.

Grein 2.3.6 um yfirvinnustundir á stundaskrá, skilgreining, fellur niður.

Grein 2.3.7 um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu verður **grein 2.3.6** og hljóði svo:

Viðbótarkennsla samhliða eigin kennslu og forfallakennsla.

Skólastjóri getur falið kennara að bæta við sig kennslu annarrar bekkjardeildar/námshóps samhliða eigin kennslu í allt að 7 kennlustundir á mánuði vegna forfalla annars kennara án sérstakrar aukagreiðslu. Á sama hátt getur skólastjóri falið kennurum að leysa hver annan af innan teymis. Tími vegna forfalla skiptist milli kennari í hlutfalli við fjölda kennara í teymi.

Skólastjóra og kennara er heimilt að semja um nánari útfærslu á forfallakennslu.

Greidd er $\frac{1}{2}$ yfirvinnustund í álag fyrir hverja kennlustund umfram þann stundafjölda sem greinir í 1. mgr. Yfirvinna vegna forfalla greiðist til kennara í hlutfalli við fjölda kennara sem taka að sér forföll í viðkomandi kennlustund.

Ef kennari er kallaður úr undirbúningi til að sinna forfallakennslu skal greidd fyrir það yfirvinna ef kennsluframlag hans er fullnýtt enda lengist dagleg viðvera sem því nemur nema samið hafi verið um nánari útfærslu skv. 2 mgr.

Heimilt er að fela kennara forfallakennslu án aukagreiðslu, t.d. vegna þess að nemendur sem hann átti að kenna eru í ferðalagi, allt að fjölda þeirra kennslustunda sem hann átti að kenna þann daginn.

Tími vegna forfalla skiptist milli kennara í hlutfalli við fjölda kennara í teymi sem taka að sér forföll í viðkomandi kennslustund. Dæmi:

Tveir í teymi: Annar forfallaður, hinn leysir af og telst það heil kennslustund.

Þriggja manna teymi: Einn forfallaður, tveir leysa af, hvor um sig telst leysa af í hálfra kennslustund (20 mín).

Fjögurra manna teymi: Einn forfallaður, þrjú leysa af, hver um sig telst leysa af í þriðjung kennslustundar.

Fjögurra manna teymi: Tveir forfallaðir, tveir leysa af, hvor um sig telst leysa af í eina kennslustund.

Grein 2.3.8 um fasta yfirvinnu verður **grein 2.3.7**.

Grein 2.3.9 um matartíma sem kennt er í, greidd sem yfirvinna verður **grein 2.3.8**.

Grein 2.3.10 um nemendaferðir, greiðslur fyrir umsjón verður **grein 2.3.9** og hljóði svo:

Nemendaferðir, greiðslur fyrir umsjón

Þegar kennarar ferðast með og annast nemendur á ferðalögum skal hver ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu.

Um lágmarkshvöld, sjá gr. 2.4 og fylgiskjal 2 með samningi þessum.

Grein 2.3.11 um gæslu nemenda verður **grein 2.3.10** og hljóði svo:

Gæsla nemenda

Skólastjóri getur, í samráði við kennara, falið honum gæslu nemenda s.s í frímínútum og hádegishléi og telst sá tími til annarra starfa innan B þáttar. Ef ekki er svigrúm hjá kennara til að sinna gæslu þá er heimilt að greiða yfirvinnu fyrir þann tíma enda lengist dagleg viðvera sem því nemur. Ef gæslu er sinnt á tíma sem ætlaður er til kaffi- eða matartíma kennara er greidd yfirvinna sbr. grein 3.1.5.

Grein 2.3.12 um kennslu við fleiri en einn skóla verður **grein 2.3.11**.

Grein 2.3.13 um leiðsögn nýliða verður **grein 2.3.12**.

Grein 2.5.1 um kennslu í dagvinnu, hljóði svo:

Kennsluviðmið í dagvinnu

Kennsla er að jafnaði 26 kest.(17,33 klst.) á viku en tekur mið af vinnumati og getur mest orðið 28 kest. (18,66 klst.) stundir en minnst 16 klst. (24 kest.) fyrir fullt starf án kennsluafsláttar. Miða skal við að meðalfjöldi vikulegra kennslustunda á hvern kennarahóp sé 26 kest. áður en tekið er tillit til kennsluafsláttar.

Öll kennsla umfram kennsluskyldu skal greidd sem yfirvinna, þó á það ekki við ef skólastjóri og kennari koma sér saman um aukna kennslu gegn skerðingu annarra starfa.

Grein 2.5.2 um lækkun hámarkskenndu hljóði svo:

Sólarlagsákvæði um lækkun hámarkskenndu í dagvinnu vegna starfs- og lífaldurs

Frá 1. júlí 2014 til 31. desember 2014 geta kennarar, sem eru í starfi þann 1. júní 2014, valið hvort þeir afsali sér þeim réttindum sem felast í grein 2.5.2.1 og taki þá laun skv. launatöflu A sem tekur þá gildi næstu mánaðamót eftir að kennari hefur tilkynnt um ákvörðun sína eða haldi þeim réttindum sem felast í grein 2.5.2.1 og taki þá laun skv. launatöflu B.

Þeir sem eru í fæðingarorlofi eða í námsleyfi og teljast í starfi skólaárið 2013 til 2014 og koma úr því 1. ágúst 2014 eða fyrr geta með sama hætti valið um launatöflu A eða B.

Grein 2.5.2.1 um lækkun hámarkskenndu í dagvinnu vegna starfs- og lífaldurs hljóði svo:

Lækkun hámarkskenndu í dagvinnu við 55 og 60 ára aldur

Kennari sem nær 55 ára aldri á skólaárinu (skólaár miðast við upphaf ráðningartíma viðkomandi kennara) og hefur 10 ára kennsluferil að baki á rétt á því að minnka kennsluþátt starfsins í sem nemur 24 kest./viku gegn því að taka að sér önnur störf við skólann eða skóla sveitarfélagsins sem nemur 2 klst./viku umfram þann grunn sem kennarar með 26 kest./viku ber að skila í önnur störf undir verkstjórn skólastjóra. Kennslufirvinna telst frá og með 25. kennslustund.

Með sama hætti gildir að kennari sem nær 60 ára aldri á skólaárinu og hefur 10 ára kennsluferil að baki á rétt á því að minnka kennsluþátt starfsins í sem nemur 19 kest./viku gegn því að taka að sér önnur störf við skólann eða skóla sveitarfélagsins sem nemur 5 klst/viku umfram þann grunn sem kennara með 26 kest./viku ber að skila í önnur störf undir verkstjórn skólastjóra.

Grein þessi gildir eingöngu um þá kennara sem völdu fyrir 31. desember 2014 að halda þeim réttindum sem í greininni felast og taka laun skv. launatöflu B.

Grein 2.5.4. Kennslustund

Skilgreining á kennslustund í grunnskóla samkvæmt samningi þessum telst 40 mínútur. Fyrir kennara með 26 stunda kennsluskyldu er undirbúningstími 10,67 klukkustundir á viku. Í vinnumati metur skólastjóri í samráði við hvern kennara hvort þörf sé fyrir rýmri eða skemmri undirbúningstíma. Ákvarði skólastjóri í samráði við kennara viðvarandi rýmri eða skemmri undirbúningstíma skerðir það eða eykur önnur störf og/eða minnkar eða eykur kennsluskylduna sem því nemur.

Þeir kennarar sem kenna tónmennt og voru í starfi við undirritun og gildistöku kjarasamnings 1. ágúst 2001 og notið hafa álags á kennslu (1,15 einingar) halda því álagi á meðan þeir gegna óbreyttri stöðu hjá sama vinnuveitanda (þ.e. starfa samfellt við sama skóla).

Samstarfsnefnd staðfestir að kórstjórn krefst undirbúnings með sama hætti og kennsla (Samstarfsnefnd 21. apríl 2001)

Grein 2.5.5. Vinnuskýrsla

Í vinnuskýrslu kemur fram starfsheiti kennara, skipulag vikulegs vinnutíma, fyrirfram ákveðin yfirvinna og aðrir þættir sem nauðsynlegir eru fyrir launavinnslu vegna viðkomandi kennara. Vinnuskýrsla skal liggja fyrir í upphafi skólaárs og getur tekið breytingum eftir aðstæðum.

Breytingar í kafla 3 um matar- og kaffitíma:**Grein 3.1.4** um kaffitíma, lengd þeirra hljóði svo.

Kaffitímar, lengd þeirra

Á venjulegum vinnudegi skulu vera tveir kaffitímar, 20 mínútur fyrir hádegi og 15 mínútur eftir hádegi, og teljast þeir til vinnutíma. Á venjulegum vinnudegi skal skilgreina tvo kaffitíma.

Grein 3.1.6 um kaffitíma kennara, lengd og tímasetningu fellur niður.**Breytingar í kafla 4 um orlof:****Grein 4.1.1** um lágmarksorlof hljóði svo:

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar eða 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður, sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

Grein 4.1.2 um lengingu orlofs, hljóði svo:

Starfsmaður, sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári, sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem svarar til þriggja virkra daga eða 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Við 38 ára aldur fær hann að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Starfsaldur til orlofs skal reiknaður eftir sömu reglum og starfsaldur til launa.

Breytingar í kafla 10 starfsþróun og símenntun:**Grein 10** um starfsþróun og símenntun, hljóði svo:

Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, sí- og starfsþróunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun. (Sjá einnig lög um grunnskóla nr. 91/2008 og reglur námsleyfasjóðs grunnskólakennara og skólastjórnenda grunnskóla.)

Grein 10.3 um viðbótarlaunaflokka vegna kennsluferils, lífaldurs eða starfsþróunar, skýringatexti hljóði svo:

Launahækkun vegna starfsþróunar skal miðast við upphaf næsta mánaðar eftir afmælisdag eða eftir að tilskildum kennsluferli er náð nema skólastjóri hafi tilkynnt launagreiðanda að viðkomandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar í samræmi við starfsþróunaráætlun. Kennari ber ábyrgð á að upplýsingar um kennsluferil berist skóla.

Grein 10.6.1 um verkefna- og námsstyrkjasjóð FG og SÍ, hljóði svo:

Sérstakur sjóður skal stuðla að auknum rannsóknum og þróunarstarfi í skólum svo og starfsþróun kennara innan FG og SÍ. Úr sjóðnum verði úthlutað til félagsmanna, einstaklinga eða hópa skv. reglum sem aðilar hafa sett í sameiningu. Sjóðurinn greiði m.a. styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða sem FG og SÍ standa fyrir, þóknun fyrir umfangsmikil verkefni og laun á námsleyfistíma. Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í sjóðinn sem nemur 1,72% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna í FG og SÍ (KÍ). Starfsmaður, sem fer í námsleyfi skv. reglum sjóðsins, haldi ráðningu og ráðningartengdum réttindum. Semja má um aðra ráðstöfun þess fjármagns, sem hér um ræðir, enda leiði það ekki af sér aukinn kostnað fyrir launagreiðenda.

Þeir félagsmenn KÍ sem aðild hafa átt að Vísindasjóði FF (áður Vísindasjóði HÍK) og starfsmenntunarsjóði skulu þrátt fyrir ofangreinda grein eiga rétt á því að Verkefnasjóður FG og SÍ skili iðgjöldum þeirra áfram til nefndra sjóða.

Breytingar í kafla 10 um samstarfsnefnd:

Grein 11.1 um samstarfsnefnd hljóði svo:

Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila, skal fjalla um ágreining, sem upp kann að koma, út af samningi þessum. Hvor aðili um sig getur skotið málum til nefndarinnar og kallað hana til starfa.

Breytingar í kafla 12 um launaseðil, félagsgjöld og iðgjaldagreiðslur:

Grein 12.1.4 um sjúkrasjóð KÍ hljóði svo:

Sjúkrasjóður KÍ

Iðgjald launagreiðanda skal nema 0,75% af heildarlaunum starfsmanna. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda.

Breytingar í kafla 13 um réttindi í fæðingarorlofi og veikindum

Grein 13.1.2.2 bætist við skýringatexti sem hljóðar svo:

Fjarvistir kennara vegna lögbundins fæðingarorlofs sbr. 8. grein laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95 /2000, nú allt að 6 mánuðir, teljast til kennsluferils. Ákveði kennari, með samkomulagi við vinnuveitanda og með samþykki Fæðingarorlofssjóðs, að dreifa fæðingarorlofsgreiðslum á allt að 18 mánuði, telst sá tími sem er umfram lögbundið fæðingarorlof sem launalaust leyfi og lengir því ekki kennsluferil. Aðilar eru ásáttir um að engin frávík verði frá þessari framkvæmd frá og með 20. maí 2014 (Samstarfsnefnd 9. janúar 2014).

Grein 13.2.2.6 hljóði svo:

Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns greiðast, auk mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi, fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi. Í veikindum kennara skal greiða samkvæmt þeirri vinnuskýrslu sem í gildi er eða síðast gilti miðað við upphaf veikinda hans.

Breytingar í kafla 14 um réttindi og skyldur starfsmanna:

Grein 14.2 um ráðningu starfsmanna, skýringatexti hljóði svo:

Til þess að verða ráðinn kennari eða skólastjórnandi við grunnskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að ráða tímabundið til kennslustarfa, að hámarki til eins árs í senn, umsækjanda sem ekki hefur leyfisbréf til kennsluréttinda. Sækja þarf um heimild fyrir slíkri ráðningu til undanþágunefndar grunnskóla. Sjá nánar lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldskóla nr. 87/2008 eða laga sem koma í stað þeirra.

Með orðalaginu „fyrirfram ákveðnum verklokum“ er átt við aðstæður þar sem verklok eru fyrirséð við upphaf ráðningar.

Grein 14.4 um fyrirframgreidd laun, fellur niður.

Grein 14.5 um vinnutíma verður **grein 14.4** og hljóði svo:

Yfirmaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá honum en honum ber að gera það með tilliti til ákvæða laga, ráðningarsamninga og kjarasamninga. Sjá nánar gr. 2.1.6.1 um viðverutíma, ákvörðun um dagleg mörk.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem yfirmaður telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af umsömdum vikulegum vinnutíma. Yfirvinna skal eftir atvikum ákveðin í samráði við starfsmann.

Leitast skal við að verða við óskum starfsmanns sem vill minnka við sig vinnu af fjölskylduástæðum.

Fyrirkomulag vinnutíma kennara og skólastjórnenda grunnskóla er dagvinna. Skipulag vinnutíma kennara ræðst af sérstökum vinnuskýrslum sem gerðar eru fyrir upphaf hvers skólaárs, sbr. gr.2.1.6.1 og 2.5.5.

Grein 14.6 um breytingar á störfum verður **grein 14.5**.

Grein 14.7 um önnur störf starfsmanna verður **grein 14.6**.

Grein 14.8 um áminningu verður **grein 14.7**.

Grein 14.9 um uppsagnir og frávikningu verður **grein 14.8**.

Grein 14.10 um starfslok vegna aldurs verður **grein 14.9**.

Grein 14.11 um skyldur starfsmanna verður **grein 14.10**.

Grein 14.12 um biðlaun verður **grein 14.11**.

Grein 14.13 um starfslok starfsmanna með skipunarbréf verður **grein 14.12**.

8 GILDISTÍMI OG SAMNINSFORSENDUR

Samstarfsnefnd aðila mun fjalla um forsendur og framgang þessa kjarasamnings hvað varðar kostnað af samningnum og launapróun.

Samningsaðilar gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila sem gildir frá 1. maí 2014 til 31. desember. 2016.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu fyrir 30. maí 2014. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 15:00 þann 30. maí 2014 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 20. maí 2014

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Kennarasambands Íslands,
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.

9 BÓKANIR

Bókun 1

Frá og með gildistöku samkomulags þessa verði iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna lagt á sérstakan reikning þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíðarráðstöfin þess.

10 FYLGISKJAL A: LAUNATÖFLUR A-1 TIL A-4

LAUNATAFLA A-1		
Félag grunnskólakennara		
Gildir frá 1. ágúst 2014 til 31. desember 2014		
	Launaflokkur	Laun
Leiðbeinandi 1	226	291.611
	227	299.097
Leiðbeinandi 2	228	306.806
	229	314.747
	230	322.928
	231	331.352
	232	340.029
Grunnskólakennari / Danskennari	233	348.966
Umsjónarkennari 1	234	358.174
Umsjónarkennari 2 / Sérkennari	235	367.656
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	377.422
	237	387.482
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	397.843
	239	408.514
	240	419.507
Verkefnisstjóri 2	241	430.830
	242	442.490
	243	454.503
	244	466.875
	245	479.618
	246	492.744
	247	506.263
	248	520.187
	249	534.530
	250	549.303
	251	564.324
	252	579.755
	253	595.608
	254	611.895
	255	628.627

LAUNATAFLA A-2		
Félag grunnskólakennara		
Gildir frá 1. janúar 2015 til 30. apríl 2015		
	Launaflokkur	Laun
Leiðbeinandi 1	226	297.443
	227	305.079
Leiðbeinandi 2	228	312.942
	229	321.042
	230	329.387
	231	337.979
	232	346.830
Grunnskólakennari / Danskennari	233	355.945
Umsjónarkennari 1	234	365.337
Umsjónarkennari 2 / Sérkennari	235	375.009
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	384.970
	237	395.232
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	405.800
	239	416.684
	240	427.897
Verkefnisstjóri 2	241	439.447
	242	451.340
	243	463.593
	244	476.213
	245	489.210
	246	502.599
	247	516.388
	248	530.591
	249	545.221
	250	560.289
	251	575.610
	252	591.350
	253	607.520
	254	624.133
	255	641.200

LAUNATAFLA A-3		
Félag grunnskólakennara		
Gildir frá 1. maí 2015 til 31. desember 2015		
	Launaflokkur	Laun
Leiðbeinandi 1	226	325.700
	227	334.062
Leiðbeinandi 2	228	342.671
	229	351.541
	230	360.679
	231	370.087
	232	379.779
Grunnskólakennari / Danskennari	233	389.760
Umsjónakennari 1*	234	400.044
Umsjónarkennari 2 / Sérkennari	235	410.635
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	421.542
	237	432.779
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	444.351
	239	456.269
	240	468.547
Verkefnisstjóri 2	241	481.194
	242	494.217
	243	507.634
	244	521.453
	245	535.685
	246	550.346
	247	565.445
	248	580.997
	249	597.017
	250	613.516
	251	630.293
	252	647.528
	253	665.234
	254	683.426
	255	702.114

* Frá 1. ágúst 2015 raðast umsjónarkennari 1 sem umsjónarkennari 2.

LAUNATAFLA A-4		
Félag grunnskólakennara		
Gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016		
	Launaflokkur	Laun
Leiðbeinandi 1	226	332.214
	227	340.743
Leiðbeinandi 2	228	349.524
	229	358.572
	230	367.893
	231	377.489
	232	387.375
Grunnskólakennari / Danskennari	233	397.555
	234	408.045
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	418.848
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	429.973
	237	441.435
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	453.238
	239	465.394
	240	477.918
Verkefnisstjóri 2	241	490.818
	242	504.101
	243	517.787
	244	531.882
	245	546.399
	246	561.353
	247	576.754
	248	592.617
	249	608.957
	250	625.786
	251	642.899
	252	660.479
	253	678.539
	254	697.095
	255	716.156

11 FYLGISKJAL B: LAUNATÖFLUR B-1 TIL B-4

LAUNATAFLA B-1				
Félag grunnskólakennara				
Gildir frá 1. maí 2014 til 31. desember 2014				
	Þrep	1	2	3
	L.fl.	<35 ára	Frá 35 ára	Frá 40 ára
Leiðbeinandi 1	226	268.414	279.730	291.611
	227	275.204	286.858	299.097
Leiðbeinandi 2	228	282.197	294.202	306.806
	229	289.401	301.765	314.747
	230	296.818	309.555	322.928
	231	304.461	317.579	331.352
	232	312.331	325.842	340.029
Grunnskólakennari / Danskennari	233	320.438	334.354	348.966
Umsjónarkennari 1	234	328.788	343.122	358.174
Umsjónarkennari 2 / Sérkennari	235	337.388	352.153	367.656
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	346.246	361.453	377.422
	237	355.371	371.035	387.482
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	364.770	380.902	397.843
	239	374.450	391.067	408.514
	240	384.419	401.536	419.507
Verkefnisstjóri 2	241	394.690	412.317	430.830
	242	405.268	423.425	442.490
	243	416.162	434.864	454.503
	244	427.382	446.648	466.875
	245	438.943	458.783	479.618
	246	450.848	471.284	492.744
	247	463.110	484.161	506.263
	248	475.740	497.421	520.187
	249	488.749	511.082	534.530
	250	502.148	525.151	549.303
	251	515.879	539.511	564.324
	252	529.986	554.264	579.755
	253	544.478	569.420	595.608
	254	559.367	584.991	611.895
	255	574.663	600.987	628.627

LAUNATAFLA B-2				
Félag grunnskólakennara				
Gildir frá 1. janúar 2015 til 30. apríl 2015				
	Prep	1	2	3
	L.fl.	<35 ára	Frá 35 ára	Frá 40 ára
Leiðbeinandi 1	226	273.782	285.325	297.443
	227	280.708	292.595	305.079
Leiðbeinandi 2	228	287.841	300.086	312.942
	229	295.189	307.800	321.042
	230	302.754	315.746	329.387
	231	310.550	323.931	337.979
	232	318.578	332.359	346.830
Grunnskólakennari / Danskennari	233	326.847	341.041	355.945
Umsjónarkennari 1	234	335.364	349.984	365.337
Umsjónarkennari 2/ Sérkennari	235	344.136	359.196	375.009
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	353.171	368.682	384.970
	237	362.478	378.456	395.232
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	372.065	388.520	405.800
	239	381.939	398.888	416.684
	240	392.107	409.567	427.897
Verkefnisstjóri 2	241	402.584	420.563	439.447
	242	413.373	431.894	451.340
	243	424.485	443.561	463.593
	244	435.930	455.581	476.213
	245	447.722	467.959	489.210
	246	459.865	480.710	502.599
	247	472.372	493.844	516.388
	248	485.255	507.369	530.591
	249	498.524	521.304	545.221
	250	512.191	535.654	560.289
	251	526.197	550.301	575.610
	252	540.586	565.349	591.350
	253	555.368	580.808	607.520
	254	570.554	596.691	624.133
	255	586.156	613.007	641.200

LAUNATAFLA B-3				
Félag grunnskólakennara				
Gildir frá 1. maí 2015 til 31. desember 2015				
	Prep	1	2	3
	L.fl.	<35 ára	Frá 35 ára	Frá 40 ára
Leiðbeinandi 1	226	299.791	312.431	325.700
	227	307.375	320.392	334.062
Leiðbeinandi 2	228	315.186	328.594	342.671
	229	323.232	337.041	351.541
	230	331.516	345.742	360.679
	231	340.052	354.704	370.087
	232	348.843	363.933	379.779
Grunnskólakennari / Danskennari	233	357.897	373.440	389.760
Umsjónakennari 1*	234	367.224	383.232	400.044
Umsjónarkennari 2/ Sérkennari	235	376.829	393.320	410.635
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	386.722	403.707	421.542
	237	396.913	414.409	432.779
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	407.411	425.429	444.351
	239	418.223	436.782	456.269
	240	429.357	448.476	468.547
Verkefnisstjóri 2	241	440.829	460.516	481.194
	242	452.643	472.924	494.217
	243	464.811	485.699	507.634
	244	477.343	498.861	521.453
	245	490.256	512.415	535.685
	246	503.552	526.377	550.346
	247	517.247	540.759	565.445
	248	531.354	555.569	580.997
	249	545.884	570.828	597.017
	250	560.849	586.541	613.516
	251	576.186	602.580	630.293
	252	591.942	619.057	647.528
	253	608.128	635.985	665.234
	254	624.757	653.377	683.426
	255	641.841	671.243	702.114

* Frá 1. ágúst 2015 raðast umsjónarkennari 1 sem umsjónarkennari 2.

LAUNATAFLA B-4				
Félag grunnskólakennara				
Gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016				
	Prep	1	2	3
	L.fl.	<35 ára	Frá 35 ára	Frá 40 ára
Leiðbeinandi 1	226	305.787	318.680	332.214
	227	313.523	326.800	340.743
Leiðbeinandi 2	228	321.490	335.166	349.524
	229	329.697	343.782	358.572
	230	338.146	352.657	367.893
	231	346.853	361.798	377.489
	232	355.820	371.212	387.375
Grunnskólakennari / Danskennari	233	365.055	380.909	397.555
	234	374.568	390.897	408.045
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	384.366	401.186	418.848
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	394.456	411.781	429.973
	237	404.851	422.697	441.435
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	415.559	433.938	453.238
	239	426.587	445.518	465.394
	240	437.944	457.446	477.918
Verkefnisstjóri 2	241	449.646	469.726	490.818
	242	461.696	482.382	504.101
	243	474.107	495.413	517.787
	244	486.890	508.838	531.882
	245	500.061	522.663	546.399
	246	513.623	536.905	561.353
	247	527.592	551.574	576.754
	248	541.981	566.680	592.617
	249	556.802	582.245	608.957
	250	572.066	598.272	625.786
	251	587.710	614.632	642.899
	252	603.781	631.438	660.479
	253	620.291	648.705	678.539
	254	637.252	666.445	697.095
	255	654.678	684.668	716.156